

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna mislægra gatnamóta og undirganga við Suðurlandsveg.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. október 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017–2029, sem samþykkt var í sveitarstjórn 26. júní 2023.

Í breytingunni felst stefnumörkun um mislæg gatnamót við Suðurlandsveg og Laugardælaveg, þrjú undirgöng undir Suðurlandsveg og Gaulverjabæjarveg eru felld út og ný undirgöng staðsett við mislæg gatnamót. Landnotkun er aðlöguð til samræmis, verslunar- og þjónustusvæði VP1 og VP3 stækka um 2 ha, VP2 minnkar um 2 ha, og legu skógræktar- og landgræðslusvæðis SL1 er breytt.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. október 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 26. október 2023